

Sýningar

Art-Hún

Stangarhyl 7. sími 673577

Í sýningarsal og vinnustofum eru til sýnis og sölu olíumálverk, pastelmyndir, grafík og ýms-ir leimurir. Opíð alla daga frá kl. 12-18.

Árbæjarsafn

Opíð um helgar kl. 10-18.

Ásgrímssafn

Bergstaðastræti 74, sími 13644

Safn Ásgríms Jónssonar er opíð á laugardög-um og sunnudögum kl. 13.30-16.00.

Ásmundarsafn

Sigtúni, sími 32155

Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar. Jafnframt hefur verið tekin í notkun ný viðbygging við Ásmundarsafn. Safnið er opíð kl. 10-16 alla daga.

Ásmundarsalur

v/Freyjugötu

Opíð alla virka daga frá kl. 10-16.

Gerðuberg

Mánudaginn 9. nóvember opnar Kristinn E. Hrafnsson myndlistarsýningu í Effinu í menn-ingarmiðstöðinni Gerðubergi á skúlpötum og veggmyndum. Sýningin verður opin mánu-daga til fimmtudaga kl. 10-22, föstudaga kl. 10-16, laugardaga kl. 13-16 og sunnudaga kl. 14-17. Sýningunni lýkur 8. desember.

Eldsmíðjan

Sessela Björnsdóttir sýnir olíumálverk á ann-ari og þriðju hæð Eldsmíðjunnar á horni Bragagötu og Freyjugötu. Sýningin stendur til 15. nóvember og er opin kl. 11.30-23.30.

FÍM-salurinn

v/Garðastræti

Guðrún Kristjánsdóttir sýnir klippi-myndir, unnar úr pappír. Sýningin stendur til 15. nóvember og er opin daglega kl. 14-18.

Gamla Álafosshúsið

Mosfellsbæ

Í gamla verksmíðjuhúsinu fást myndlistar-menn við myndlist, leirlist og glerlist. Opíð alla laugardaga og aðra daga eftir samkomu-lagi.

Gallerí Borg

v/Austurvöll, s. 24211

Opíð alla virka daga frá kl. 14-18.

Gallerí Ingólfsstræti

Bankastræti 7

Nú stendur yfir sýning á myndum, máluðum á silki, eftir Guðrúnu Arnalds. Einnig eru fjög-ur myndverk, unnin úr bývaxi og litadufti á striga, eftir Jón Sæmundsson. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14-18.

Gallerí List

Skiphoti, sími 814020

Sýning á listaverkum eftir ýmsa listamenn. Opíð daglega kl. 10.30-18.

Gallerí Port

Kolaportinu

Opíð laugard. kl. 10-16 og sunnud. kl. 11-17.

Gallerí Sævars Karls

Bankastræti 9, sími 13470

Sæmundur Valdimarsson sýnir verk sín. Hann sýnir skúlpötur úr rekavíði. Sýningunni lýkur í dag.

Hafnarborg

Strandgötu 34

Í sýningarsölum stendur yfir sýning á verkum úr safni stofnunarinnar. Sýnd eru verk úr listaverkagjöf Sverris Magnússonar og Ingibjargar Sigurðardóttur. Einnig eru uppi verk úr gjöf hafnfirskra listamannsins Ei-riks Smith til Hafnarborgar og verk er keypt hafa verið til safnsins á und-anförnum árum. Sýningarnar eru opnar kl. 12-18 alla daga nema þriðju-daga fram til 16. nóvember.

Hlaðvarpinn

Katrín Bílddal opnar á morgun kl. 14 sýningu á dúkrístum. Sýningin verður opin virka daga kl. 14-17 og um helgar kl. 13-16.

Hótel Lind

Fríðrik Róbertsson sýnir olíu- og vatnslita-myndir. Opíð á sama tíma og veitingasalurinn kl. 8-22.

Lóuhreiður

Laugavegi 59

Um þessar mundir heldur ljósmyndarinn Jón Páll Vilhelmsson sýningu á svarthvítum lands-lagsmyndum. Sýningin er opin virka daga kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-16.

Menningarmiðstöðin

Gerðuberg

Þar stendur yfir sýningin „Orðlist Guðbergs Bergssonar“. Á sýningunni eru sýndar ljóð-myndir sem eru konkréttjöld Guðbergs frá SUM-árum, teikningar, ljósmyndasögur, blaðagreinar, kvikmyndir, munir og fleira. Í útibúi Borgarbókasafnsins í Gerðubergi er m.a. bókasýning. Sýningin er opin mánu-daga til fimmtudaga kl. 10-22, föstudaga kl. 10-16, laugardaga kl. 13-16 og sunnudaga kl. 14-17. Sýningunni lýkur 24. nóvember.

Nýhöfn

Hafnarstræti 18

Guðmunda Andrésdóttir sýnir málverk. Mál-verkin á sýningunni eru öll unnin með olíu á þessu og sl. ári. Sýningin, sem er sölusýning, stendur til 18. nóvember og er opin virka daga nema mánu-daga kl. 12-18 og frá kl. 14-18 um helgar.


Nýlistasafnið

Vatnsstíg 38

Safnsýning verður opnuð á morgun kl. 14. Þeir sem sýna eru Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson, Þór Vigfús-son og Niels Hafstein. Sýningarnar verða opnar daglega kl. 14-18 til 22. nóvember.

Kjarvalsstaðir

Þar standa yfir þrjár myndlistarsýningar. Í aust-ursal er yfirlitssýning á verkum Hrólfs Sigurðs-sonar listmálara, í Vestursal er sýning á nýjum verkum eftir Eirik Smith, olíumálverkum og vatnslitamyndum, og í Vesturforsal sýnir ungur myndhöggvari, Þórh Barðdal, marmara- og granítskúlpötur sem allir voru unnir í Portúgal á þessu ári.



Ein myndanna á sýningunni, úlfaldar á gangi, olíueldar í kúveiskum olíulindum í baksýn.

Fréttaljósmyndasýning

Hin árlega fréttaljósmyndasýning, World Press Photo, verður opnuð í Listasafni ASÍ á laugardag klukkan 14. Nú í fyrsta sinn verður WPPH sýningin sýnd öll á Íslandi. Vegna stærðar sýningarinnar hefur henni verið skipt niður á tvo sýningar-staði, Listasafn ASÍ og Kringluna.

Sýningin í Kringlunni byrjar 9. nóvember og stendur til 18. nóvember. Aðgangur að sýningunni er ókeypis.

World Press Photo sýningin er ár-legur viðburður í Listasafni ASÍ og hefur svo verið um 10 ára skeið. Á sýningunni eru myndir af atburðum á vettvangi íþróttar, vísinda og lista

og eru myndirnar á þessari sýningu valdar úr 17.887 myndum frá ljós-myndurum í 75 löndum. Á sýning-unni er til sölu árbók WPPH. Sýning-in verður opin alla sýningardaga í Listasafni ASÍ frá klukkan 14-22.

Trémyndir Sigurjóns

Á laugardaginn verður opnuð sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á 29 verkum í eigu safnsins. Sýningin spannar tímabilið 1934-82 og í efri sal safnsins eru valdar trémyndir frá síðustu æviárum Sigurjóns, 1980-82, en þá vann listamaðurinn nær ein-göngu í tré.

Safnið er opíð um helgar milli klukkan 14 og 17 og er kaffistofa safnsins opin á sama tíma.

Grafík í Sneglu

Á laugardag klukkan 15 opnar Hrafnhildur Sigurðardóttir textil-listakona einkasýningu í Sneglu list-húsi á horni Grettisgötu og Klappar-stígs. Á sýningunni eru grafíkverk unnin á silki með sáldþrykki, ætingu og einþrykki.


Hrafnhildur brautskráðist úr textil-eild Myndlista- og handiðaskóla Íslands árið 1986. Hún rekur textil-vinnustofuna 4 grænar og 1 svört í söfa í Garðabæ ásamt þremur öðrum listakonum sem standa að Sneglu listhúsi. Sýning Hrafnhildar, sem stendur til 30. nóvember, er opin á almennum afgreiðslutíma Sneglu klukkan 12-18 virka daga og klukkan 10-14 á laugardögum. Lokað er á sunnudögum.

Norræna húsið:

Músin Rúsína

Á sunnudag klukkan 17.30 verður brúðuleikhúsið Sögusvuntan með leiksýningu um músina Rúsínu í Norræna húsinu. Hallveig Thorla-cius samdi verkið og flytur það ásamt Helgu Arnalds en leikstjóri er Brynja Benediktsdóttir.

Hallveig og Helga eru nýkomnar úr þriggja vikna leikferð frá Græn-landi og músin Rúsína hefur einnig verið sýnd í Færeyjum. Á næstu dög-um eru þær á leið utan til Silkeborg-ar í Danmörku og ætla að sýna verk-ið í Norræna húsinu á dönsku áður en þær leggja upp í ferðina. Sýningin tekur um eina klukkustund og allir eru velkomnir enda aðgangur ókeypis.



Hugmyndasmiður og umsjónarmaður Íslenska myndlistarrefilsins, Hannes Sigurðsson listfræðingur. DV-mynd Brynjar Gauti

Mokkakaffi:

Íslenski myndlistarrefillinn

Í Mokkakaffi fer nú fram sérstæð myndlistarsýning. Um það bil 16 metra langur og 50 sentímetra breið-ur segldúkur hefur verið strengdur eftir endilöngum veggjum Mokka kaffis við Skólavörðustíg. Alls munu 35 af þekktustu listamönnum lands-ins sjá um að skreyta segldúkinn eða refillinn á staðnum. Þessi hópur lista-manna tilheyrir ólíkum sviðum og aðhyllist mismunandi strauma og stefnur innan myndlistarinnar.

Á hverjum degi klukkan 10 um morguninn mætir einn listamañ-anna í Mokka og malar, teiknar, saumar eða vinnur með einhverjum öðrum hætti um 50 sentímetra af dúkunum. Sá næsti í röðinni lýkur við mynd fyrirrennara síns og heldur spunanum áfram þar til úr verður ein órofa heild. Hugmyndasmiður og umsjónarmaður þessa atburðar er Hannes Sigurðsson listfræðingur.

Leikfélag Hafnarfjarðar:

Hans og Gréta

Á laugardaginn klukkan 16 frumsýn-ir Leikfélag Hafnarfjarðar barnaleik-ritið Hans og Grétu. Þetta er þriðja uppfærsla leikfélagsins á þessu barnaleikriti en fyrst var það sýnt árið 1954. Leikritið naut mikilla vin-sælda er það var sýnt enda þekkja flestir ævintýrið um Hans og Grétu.

Leikstjóri er Hanna María Karls-dóttir en um tónlistina, sem byggð er að mestu leyti á útsetningu Jans heitins Moravek, sér Margrét Sig-urðardóttir. Sýningar eru í Bæjar-bíói. Miðapantanir eru allan sólar-hringinn í síma 50184. Önnur sýning verður á sunnudaginn klukkan 16.

Málþing um Egils sögu

Félag íslenskra fræða gengst fyrir málþingi í Norræna húsinu á laugar-daginn klukkan 13. Þar munu 5 fræðimenn flytja erindi um Egils sögu Skallagrímssonar og að þeim loknum taka þátt í pallborðsumræð-um um söguna.

Frummælendur hafa allir fengist við rannsóknir á sögunni. Þeir eru Bjarni Einarsson handritafræðing-ur, Bergljót S. Kristjánsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir sem sendu

nýverið frá sér vandaða skólaútgáfu Egils sögu, Torfi Tulinius og Baldur Hafstað sem báðir voru doktorsrit-gerðir fyrir á þessu ári sem komu mjög við Egils sögu.

Að loknum framsöguerindum setj-ast frummælendur á pall ásamt Sverri Tómassyni og taka þátt í al-mennum umræðum undir stjórn Örnólfs Thorssonar. Málþingið er öllum opíð.

Sýningar

Mokkakaffi

v/Skólavörðustíg

35 manna sjónlistarspuni heldur áfram til 30. nóvember. 35 málara mála á staðnum, einn á dag.

Nesstofusafn

Neströð, Seltjarnarnesi

Nýtt lækningarminjasafn sem sýnir áhöld og tæki sem tengjast sögu læknisfræðinnar á Ís-landi. Stofan er opin á sunnud., þriðjud., fimmtud. og laugardögum frá kl. 12-16. Að-gangseyrir er kr. 200.

Norræna húsið

Guðrún Kristjánsdóttir sýnir í kjallara hússins. Á sýningunni eru myndir unnar í olíu á striga og einnig veggmyndir úr stáli. Sýningin stend-ur til 15. nóvember og er opin daglega kl. 14-19.

Katel

Laugavegi 20b, sími 18610

(Klapparstígmegin)

Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda lista-menn, málverk, grafík og leimurir.

Listasafn ASÍ

Hin árlega fréttaljósmyndasýning World Press Photo verður opnuð á morgun kl. 14. Nú verður í fyrsta sinn World Press Photo sýning-in sýnd öll á Íslandi. Vegna stærðar sýningar-innar hefur henni verið skipt niður á tvo sýn-ingarstaði, Listasafn ASÍ og Kringluna. Sýn-ingin verður opin alla sýningardaga í Lista-safni ASÍ frá kl. 14-22 og stendur hún til 22. nóvember.

Listasafn Einarssonar

Njarðargötu, sími 13797

Opíð alla daga nema mánu-daga kl. 13.30-16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11-18.

Listasafn Íslands

Þar stendur yfir sýning á verkum eftir Jóhann Eyfells. Á sýningunni er úrval af verkum Jó-hanns frá síðasta áratug og hún er sú stærsta sem haldin hefur verið hér á landi á högg-myndum hans. Sýningin stendur til 22. nóv-ember og er opin alla daga nema mánu-daga kl. 12-18. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns

Ólafssonar

Laugarnestanga 70

Sýning á verkum í eigu safnsins. Opíð laugar-daga og sunnudaga kl. 14-17. Kaffistofan er opin á sama tíma.

Listinn

gallerí - innrömmun

Síðumúla 32, sími 679025

Uppsetningar eftir þekktu íslenska málara. Opíð virka daga kl. 9-18, laugardaga kl. 10-18 og sunnudaga kl. 14-18.

Listasafn Háskóla Íslands

í Odda, sími 26806

Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opíð er daglega kl. 14-18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listhúsið Snegla

á horni Grettisgötu og Klapparstígs Á morgun kl. 15 opnar Hrafnhildur Sigurð-ardóttir textilistakona sýningu á grafíkverk-um, unnum á silki með sáldþrykki, ætingu og einþrykki. Sýningin verður opin kl. 12-18 virka daga og kl. 10-14 á laugardögum. Lokað á sunnudögum. Sýningin stendur til 30. nóvember.

Listmunahúsið, Hafnar-húsinu

v/Tryggvagötu

Steinunn Þórarinsdóttir sýnir verk sín sem eru flest veggmyndir úr járn, býti og gleri. Sýning-in er opin kl. 12-18 virka daga, nema mánu-daga og um helgar kl. 14-18. Sýningunni lýkur 8. nóvember.

Listhúsið

Laugardal

Sýningin Fyrsti vetrardagur, sem er samsýning 5 þekktra myndlistamanna, stendur yfir í sýn-ingarsal Listgallerisins og í aðalanddyri húss-ins. Þeir sem sýna verk sín eru Sverrir Ólafs-son, Þórður Hall, Magdalena Margrét, Val-gerður Hauksdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir. Sýningin stendur til 15. nóvember. Listagall-erið er opíð alla daga kl. 14-18. Verkstæði listamanna og verslanir hússins eru opin all daga nema sunnudaga.

Sjónminjasafn Íslands

Nú stendur yfir sýning Skipatúgerðar ríkisins. Opíð alla daga nema mánu-daga kl. 14-18.

Póst- og símaminjasafnið

Austurgötu 11, sími 54321

Opíð á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur ókeypis.

Safn Ásgríms Jónssonar

Bergstaðastræti 74

Sýning á þjóðsagna- og ævintýramyndum eftir Ásgrím í eigu safnsins og Listasafns Ís-lands. Sýningin stendur til nóvemberloka. Opíð um helgar kl. 13.30-16 en einnig er tekið á móti gestum á öðrum tíma sé þess óskað.

Vinnustofa Ríkeyjar

Hverfisgötu 59, sími 23218

Þar eru til sýnis og sölu postulinslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opíð er á verslun-artíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10-16.

Leirverk í Epal

Helga Jóhannesdóttir leirlistarkona sýnir leir-verk í Epal. Sýningin er opin alla virka daga á opnunartíma Epal til 6. nóvember.

Þjóðminjasafn Íslands

Nú liður senn að lokun sýningarinnar Hús-vernd á Íslandi sem staðið hefur í Bogasal þjóðminjasafnsins í sumar. Opíð þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 12-16.

Minjasafnið á Akureyri

Aðalstræti 58, sími 24162

Opíð daglega kl. 11-17.

Vinnustofa Snorra

Álafossvogi 18a, Mosfellsbæ

16. júlí sl. opnaði Snorri Guðmundsson sýn-ingu á Listaverki náttúrunnar sem eru högg-myndir úr hrauni og öðrum náttúrulegum efn-um. Hraunið, sem valið er í hvern grip, er allt út síðasta Heklugosi. Sýningin er opin frá kl. 14-20.